

CQ TF

FRÉTTABRÉF 1/88



Myndirnar sýna glæbbeitta þátttakendur á tveim af þeim nýliðanámskeiðum, sem TF3KB hélt á sí. ári.

“Okkur virðist.....”

- Í.R.A. sem amatörfélag hefur margvíslegu hlutverki að gegna. Í nágrannalöndunum er amatörstarfsemin dreifð á margar hendur og marga hópa. Hér á landi er því ekki að heilsa, svo líklega eru óvíða saman komin á fáar hendur fjölþættari verkefni, fjölþættara hlutverk og þar með meiri ábyrgð, heldur en í Í.R.A. Félagið þarf í raun og veru að sinna nokkrum ólíkum þáttum, sem annarsstaðar eru ekki á einni hendi ef svo má segja. Hér skulu nefndir þrjár:

1. Í.R.A. er landsfélag Íslenskra radióamatöra og hið íslenska aðildarfélag í IARU, IARU Region 1 og NRAU. Það hefur sem slíkt margvíslegum skyldum að gegna um innri mótun amatörstarfseminnar bæði á innlendum vettvangi og í alþjóðlegri samvinnu.

2. Í.R.A. er skv. reglugerð umsagnaraðili til Pósts- og síma varðandi málefni radióamatöra. Þau málefni varða bæði opin-bera stefnumótun í amatörmálum og ákvarðanir um hverskonar umsóknir einstaklinga.

3. Í.R.A. rekur klúbbstarfsemi. Undir hana fellur rekstur félagsheimilis og allt sem því tilheyrir.

Amatörradíó er mjög breitt áhugasvið. Sérsviðin eru mörg, sem menn geta sökkt sér niður í og gleymt þá öðru á meðan. Hver einstaklingur gengur í gegnum mörg þróunarstig, áhuginn sveiflast, breytist, menn vaxa upp úr einu áhugamáli og inn í annað, áhuginn dettur niður eða blundar lengri tíma en einn góðan veðurdag leita menn svo kannski “uppruna síns” og byrja aftur upp á nýtt.

- Amatörfélag þarf hinsvegar að reka starfsemi sína á breiðari grundvelli en þetta ef vel á að vera. Fullt rúm þarf að vera fyrir séráhugamál, en hin breiði starfsgrundvöllur félagsins má ekki líða fyrir það, eins og alltaf er þó hætt á í fámenni. Hinir þrjár ólíku þættir, sem minnst var á geta líka rekist misjafnlega saman í flokki. eitthvað í ætt við á hagsmun-

CQ TF fréttabréf

6. árgangur

Útgefandi

Íslenskir radióamatörar (ÍAR)
(stofnað 14. ágúst 1946)
pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og óbm.

Kristján Benediktsson, TF3KB.

Efni sendist ritstjóra í síðasta lög,
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu
í pósthólf 8873, 128 Reykjavík.

**ÍAR er hið íslenska aðildarfélag í
IARU, IARU Region 1 og NRAU.**

árekstur, ef svo má segja. Um það mætti fjalla í löngu máli, en verður ekki gert hér, nema bent á að þeir hagsmunir sem geta rekist á og hafa rekist á, eru aftur og enn hinir breiðu amatörhagsmunir og hinir þröngu sérhagsmunir.

- Það er umhugsunarvert, að fjöldi félaga í Í.R.A. hefur nánast verið á sama rólinu 100-200 manns allt frá því félagið var stofnað 1946. Félagið er eins og sveifluraki með ónóga afturverkun. Hann er í þann veginn að komast í gang, en tekst það ekki alveg. Það er ljóst að þörf er átaks til að breyta þessu, koma félaginu yfir punktinn, svo myndarleg sjálf-sveifla sjái dagsins ljós. En stefnan sem ríkir í byrjun sjálfsveiflunnar ræður úrslitum um það hvers eðlis hún verður í framtíðinni. Eitt má ekki gleymast á þeim viðkvæma punkti: Í.R.A. er félag RADIÓAMATÖRA, en ekki “Kíwanisklúbbur”. Skýrrar stefnumörkunar til framtíðar er þörf jafnt sem verulegs átaks á mörgum sviðum. Amatörsjónarmið hljóta að vera leiðarljósið á réttisýnum og breiðum grundvelli. Innan þess ramma á svo að vera fullt rúm fyrir alla áhugahópa radióamatöra, einnig “Kíwanismenn”.

(TF3KB)

QSP.....

• **Martin Berkofsky**, TF3XUU hefur nú sest að í Tyrklandi eins og mönnum er kunnugt. Fór hann af landinu með síðustu sumarferð ferjunnar Norrænu. Eftir að hafa lesið viðtal við hann í DV opnaði TF3KB tæki sitt á 21 MHz og heyrir þá þegar Tyrkjann Umit, TA3C. Reyndist hann vera í borginni Izmir, einmitt þeirri borg sem Martin fór til. Þegar TF3KB nær sambandi, er það fyrsta sem Umit segir, að hann þekki Martin, sem búi aðeins 5 mínútna gang frá sér.

Þá náði TF3KB sambandi við Martin sjálfan hinn 12. des. sl. á 14340 kHz SSB kl. 1520. Var Martin á kafi í að fastsetja loftsteina-”sked” við hinar og þessar Evrópustöðvar, en Geminitar eru á hámarki 13. - 14. des. Martin var mjög umsetinn af þessu tilefni og erfitt að smjúga í gegn, en það hafðist á morsi. Martin og Anna báðu fyrir bestu kveðjur til Íslands, sem hér er komið á framfæri. Þeir sem vilja reyna að ná sambandi við hann ættu að hlusta á VHF-netið á 14330 - 14350 kHz um helgar. Kallmerki Martins er KC3RE/TA3

• **Þorvaldur Sveinbjörnsson, N1TF** er oft QRV að kvöldlagi á virkum dögum kl. 2200 - 2230 á morsi 14002 kHz

• **Japanskir radíóamatörar** hafa smíðað eitt amatörgervitungl til viðbótar, sem fór á loft hinn 13- ágúst 1986, Strax eflir vel heppnað skot var tunglið skírt “Fuji” og einnig kallað Fuji-Oscar 12 eða **FO 12**, og telst þannig með í Oscar-röð amatörgervitungla eins og gervitungl smíðuð á veströndum.

• FO-12 starfar í svonefndum **J-hætti** (mode-J). Það þýðir að hann tekur við merkjum í 144 MHz bandinu og sendir þau áfram í 432 MHz bandinu. Í FO-12 eru tveir endurvarpar, annar hliðstæður (Analog), kallaður JA, en hinn stafrænn (Digital) kallaður JD.

• JD endurvarpinn er að því leyti forvitnilegur að í fyrsta sinn er skikkanlegur pakkvaksendurvarpi kominn á braut um jörðu. Hann getur tekið við pakkaskiptum tölvusendingum, geymt þær í minni og sent síðar. Það þýðir að unnt er að hafa boðskipti við

stöðvar utan sjóndeildarhrings gervitunglsins, hinum megin á hnettinum þessvegna.

Vegna lágs brautarhalla fer FO-12 aldrei beint yfir Ísland og er undir sjóndeildarhring gróflæga reiknað helming sólarhringsins. Þegar hann kemur yfir sjóndeildarhringinn þarf ekki að halla stefnuloftneti mikið uppá við.

• **Námskeið til nýliðaprófs** hafa verið fleiri á sl- ári en oft áður. Hefur TF3KB haldið 3 slík námskeið á árinu. Alls hafa sótt námskeiðin milli 30 og -40 manns. Hvert námskeið hefur staðið 10 kvöld, tvær kennslustundir í senn. Fyrri tíminn Morse og hinn síðari radíótækni. Í morsinu hefur verið notuð hljóðlíkisaðferðin, en í radíótækninni verið gefið yfirlit yfir námsefnið og það útskýrt eins tími hefur leyft. Áframhald á þessu námskeiðahaldi er á döfinni á þessu ári með svipuðu sniði.

• **Ný aðferð við morsekennslu**, svokölluð hljóðlíkisaðferð hefur gefið svo góða raun á námskeiðum TF3KB að athygli hefur vakið. Til marks um það er árangur í nýliðaprófi hinn 7. nóv. sl., þar sem 6 af 7 þátttakendum voru villulausir með öllu á morseprófinu. TF3KB hefur þróað aðferðina og aðlagð að íslenskum aðstæðum, en fyrirmyndin er bandaríska “Sound Alike” aðferðin, sem Þorvaldur, TF6PS vakti fyrstur athygli manna hér á. Ummæli þátttakenda eru allt frá því að þetta hafi gengið alveg erfiðislaust og upp í að þeir hafi árangurslaust reynt aðrar aðferðir, en nú fyrst hafi það gengið. Þeir sem þekkja bandarísku útgáfuna hafa sagt, að sú íslenska sé ekki lakari, og sumir segja að hún sé betri. Á þriðja námskeiði TF3KB náðist sá árangur, að það tók þátttakendur ekki nema fjórar kennslustundir, að læra alla bókstafina og hefðu það einhverntíma þótt tíðindi.

Sem sagt, nú hafa þeir sem vilja gerast radíóamatörar “enga afsökun lengur” að setja morssið fyrir sig.

• **Nýliðapróf** voru haldin í júlí og nóvember sl. Á fyrra prófinu stóðust 3 prófið, en 6 á því síðara. Þeir sem stóðust eru af TF1-svæðinu: Heimir Konráðsson,

Hveragerði, af TF3 svæðinu: Ágúst Guðmundsson, Amanda Dunn, Bjarni Sverrisson, Erling Guðnason, Finnur Tómasson, Gunnar Hilmarsson, og Hannes Guðmundsson og af TF6-svæðinu: Hilmar Árnason, Höfn Hornafirði. Þá eru 2 sem nú bíða upptökuþrófs, svo nýliðahópurinn, sem væntanlegur er í loftið getur orðið 11 manns.

• **Smíðakvöld** hafa nú verið tekin upp aftur í félagsheimili ÍRA. Það er Vilhjálmur, TF3DX, sem leiðbeinir nýliðahópnum við smíði nýliðasenda einu sinni í viku með aðstoð TF3KB. Vilhjálmur hefur hannað sveiflufaka, sem notar CMOS rás, og hefur þá eiginleika umfram eldri nýliðasveiflufaka, að hann getur sveiflað með kristal á nýliðaböndunum og gefið jafnstærka sveiflu á þeim öllum. Í einum CMOS 4001B kubb eru 4 “gate”, og er eitt notað fyrir sveiflufakann, en hin þrjú hliðtengd sem mögnunarstig, sem getur gefið allt að 300 milliwött út. Þetta getur síðan drifið 5 W útgangsmagnara.

• **Nýliðahópurinn**, hefur m.a. pantað kristalla á hinum alþjóðlegu QRP tíðnum 3560 kHz, 7030 kHz og 21060 kHz og ættu eldri leyfshafar því að hafa “eyra” með þessum tíðnum, og bjóða nýja leyfshafa velkomna í loftið.

• Einstaklega góður andi samvinnu hefur ríkt meðal nýliðanna og hafa þeir skipt með sér verkum við útvegum efnis og ýmislegs sem til þarf. Síðasta smíðakvöld fyrir jól var haldið í heimboði Gunnars Hilmarssonar og Amöndu Dunn, sem buðu hópnum upp á veitingar. Voru lóðboltar á lofti innan um kræsingarnar í besta eldhússverkefnastíl.



Ég hef kristallinn í ofni til að bæta stöðugleikann

• Milli jóla og nýárs voru fyrstu þrír nýliðarnir í hópnum tilbúnir með stöðvar sínar og voru þær skoðaðar af radióeftirliti P&S og leyfisbréf útgefin (þökk sé TF3SD). Hinir nýju leyfshafar eru Heimir, TF1EIN, Finnur, TF3FTN og Bjarni, TF3GBN. Fleiri fylgja í kjölfarið. Talað hefur verið um að hittast eftir ástæðum á 3560 kHz kl. 2230 og kl. 1030 á fríðögum

• **Pau Gunnar Hilmarsson og Amanda Dunn** hafa ákveðið að leggja af stað í hnattsiglingu á næsta hausti (1988). Skúta þeirra “SÚLA” Reykjavík er í geymslu á Kanarféyjum og hvggjast þau leggja upp þaðan í ferðina og fara fyrst yfir Atlantshafið, gegnum Panama-skurð og til Galapagoseyja. Síðan sem leið liggur til Nýja Sjálands og áfram. Amatörpróf er liður þeirra í undirbúningi ferðarinnar, ekki lakur undirbúningur það. Margar langsiglingaskútur reiða sig á amatörtæki til fjarskipta lengri vegalengdir. Er ekki að efa, að margir hér á landi og víðar verða til að hlusta eftir þeim, meðan á ferðinni stendur.

• **TF8VHP** radióvitinn við Garðskaga-vita er í gangi allan sólarhringinn á 144.939 MHz og hefur verið frá því snemma í vor að gert var við hann. Einhverjar fregnir hafa heyrst á skot-spónum um að hann hafi heyrst erlendis, af öðrum en Johannes Baardsen, LA6HL, sem er manna duglegastur til að hlusta eftir honum og heyra hann. Í QSOi við TF3KB nýverið sagðist PA3DOL hafa heyrnt vitann í 2 klst. á “sporadic-E” í júlí sl. Einnig sagðist hann hafa heyrnt íslenska FM stöð og séð íslenska sjónvarpið RUV.

• **Johannes Baardsen, LA6HL** fór hina árlegu sumarleyfisferð sína um hringveg landsins og stundaði loftsteinasambönd við kollega sína erlendis. Kvartar hann undan því að þau sambönd hafi ekki verið eins mörg og hann hafði vonað, en náði þó 5 samböndum á 50 MHz auk 144 MHz. En “litla vonin sem varð að mikilli upplifun”, segir hann var þegar hann náði sambandi við Dave, W5UN með endurkasti frá mánanum á 144.008 MHz. Það var of skjáð, svo hann sá ekki mánann, en varð að giska á stefnuna með

aðstoð kompáss. “Ég varð mjög hissa” segir hann, “þegar merkin frá Dave komu inn með góðum styrk og læsileika. Skipst var á RST og fyrsta EME sambandi sögunnar frá Íslandi var lokið á 10 mínútum.”

• **Nýju böndin** 10, 18 og 24 MHz hafa verið opin radióamatörum hér á landi frá 22. júlí á sl. sumri. Eitthvað fóru fréttir af þessu hljótt, því CO TF fréttabréf frétti ekki af þessu fyrir en í haust og þá frá útlöndum. Bréf Póst og símamálastofnunar til félagsins varðandi málið mun þó hafa verið hengt upp inni í félagsheimili, en fáir séð það á þeim tíma vegna lítilla mætinga. Leyfið gildir tíma-bundið fyrir A-, B-, og C-leyfishafa út árið 1988. Hámarks rakstraumsafl til síðasta mögnunarstigs er 100W á Morse eingöngu og tíðnirnar eru:

10,100 - 10,150 MHz

18,068 - 18,168 MHz

24,890 - 24,990 MHz

• **50 MHz bandið** hefur verið nokkuð í sviðsljósinu á undanförunum árum vegna þess að radióamatörar í Evrópu hafa verið í vaxandi mæli að fá leyfi á þessu bandi. Bandið er áhugavert frá sjónarmiði útbreiðslu radióbylgna, því á þessu bandi geta komið fyrir fjölbreytilegri útbreiðslu-tegundir en á öðrum böndum. Póstur og sími veitti árið 1985 takmörkuðum fjölda radióamatöra tímabundið leyfi út það ár, svo ætla má að af frekari leyfisveitingum geti orðið, einkum í ljósi þess að í sumum nágrannalöndunum eru leyfi á þessu bandi ekki tímabundin lengur.

• TF3KB hefur nú borist bréf frá Steve Richardson, G4JCC, sem er formaður bresku sex metra grúppunnar. Þeir hafa áhuga á að upp verði settur 50 MHz radióviti á Íslandi og bjóðast til að senda vita hingað, ef einhver er tilbúinn að ábyrgjast rekstur á honum. Radióvitastjórastaða félagsins er laus. Spurningin er því þessi: Hver vill taka starfið að sér?

- Radióviti í þessu tíðnisviði getur hugsanlega haft mikla þýðingu fyrir þær vangaveltur, sem eru í gangi að brúa “álinn” með keðju pakkvaksendurvarpa sem nota loftsteinaendurkast (MS). Landakeðjan yrði: VE-VO-OX-TF-GM og ein stöðin yrði því að vera á Íslandi.

• **Tollalækkun** á amatörtækjum gekk í gildi um áramót. Þegar þetta er skrifað var ekki ljóst hve mikil lækkun yrði á söluverði tækja, en full ástæða fyrir þá sem málið varðar að kynna sér það.

• **Pakkvakið eða “pakkið” (packet radio)** gengur nú eins og eldur í sinu um amatörheiminn. Fyrstur til að ríða á vaðið hér á landi var Ingólfur “Ingo” Bjarg-mundsson, TF3IB, en hann fór í loftið í september 1986. Segir hann að fram í ársbyrjun 1987 hafi ekki verið mjög margir virkir í Evrópu á pakki, en aukningin hafi verið hröð er líða tók á árið. Kristján, TF3KB fór svo í loftið í byrjun mars 1987 og var mjög virkur það sem eftir var ársins og oft á tíðum eina daglega TF merkið á 14 MHz pakkvaki. Í desember hóf hann tilraunarekstur fyrsta íslenska tölvupósthólsins. sem opið er öllum til að setja í skilaboð til þeirra, sem tengjast við hann hvort sem er á VHF (144,675 MHz) eða HF og einnig “gateway” sem tengir VHF og HF og gerir mögulegt að hafa samband gegnum HF stöðina úr fjarlægð á VHF. Þorvaldur, TF6PS, fór í loftið desember frá Höfn í Hornafirði og þegar þetta er skrifað voru margir fleiri á næstu grösom.

• Pakkvakið gefur möguleika á villulausri sendingu upplýsinga milli amatöra, býður upp á marga tengimöguleika milli stöðva og mikið magn ýmisskonar amatörupplýsinga gegnum tölvupósthólf. Auðvelt er að brúa bilið milli Reykjavíkur og Akureyrar á VHF með þessu móti.



“Eru þetta íRA menn?”
“Já, þeir eru byrjaðir með smiðuvöld.”

Spáð í.....DX



- **Sólblettirnir** hafa verið í mikilli upp-sveiflu að undanförunu og skilyrðin á hærri tíðnunum batnað að sama skapi. 21 MHz er opið næstum hvern dag nú orðið og einstaka sinnum sýna 28 MHz góða takta.

• **Guðjón Einarsson**, TF3AC sagði amatör nokkurn hafa komið að máli við sig, og kvartað undan kostnaði vegna sendinga á QSL-kortum beint. Sagðist Guðjón þá hafa rætt við Rafn Júlíusson póstmálafulltrúa. Eftir að hafa skýrt málið fyrir honum, varð niðurstaðan, að QSL-kort megi senda á texta prentaðs máls, svo fremi að ekki sé annað skrifað á kortin, auk nafns, en það sem nauðsynlegt er fyrir gilt samband. Best sé að ganga frá bréfunum, merkja þau og leggja inn eins og hvert annað prentað mál. Óþarfi sé að gera mál úr þessu við póstaftgreiðslufólk, sem fæst viti hvað QSL-kort er og finni ekkert um þau í sinum skráum yfir prentað mál. Ef gerð er athugasemd má vitna til Rafns Júlíussonar póstmálafulltrúa og þá á allt að vera í lagi.

- Hitt er svo annað mál, að pósturinn hefur fundið upp á því snjallræði. að hafa prentað mál jafndýrt öðrum sendingum, nema fyrir þyngri sendingar til fjarlægari staða.

- Annars er kostnaður við QSL-kortasendingar gamalþekkt fyrirbæri og ástæða fyrir því, að amatórar reka QSL-þjónustu sína um allan heim. QSL-þjónusta ÍRA sendir QSL kort sem smápakka og er rekin af Malthíasi Hagvaag, TF3-035 og honum til aðstoðar Baldvin, TF3-033.

- Guðjón, sem er eins og menn vita viðurkenningaforstjóri ÍRA (Awards Manager) vildi ennfremur benda á, að séu menn að sækja um erlend viðurkenningarskjöl, þá væri í mjög mörgum tilvikum unnt að komast hjá því, að senda kortin út. Þetta gildir t.d. um allar CO diplómurnar, sem Guðjón er fulltrúi fyrir hér á landi. Nóg er að senda kortin til Guðjóns. Hann fer yfir QSL-kortin og skrifar upp á umsóknirnar. Ef öll gögn eru til staðar, geta kortin verið komin til baka til umsækjanda eftir 2-3 daga. Guðjón er með umsóknareyðublöð fyrir mörg önnur skjöl. Hann nefndi að Brynjólfur, TF5BW hefði verið duglegur að notfæra sér þetta og væri kominn með 88 diplómur. Þá vildi Guðjón benda mönnum á að nú væri búið að prenta reglur íslenska diplómsins á lítið A6 blað og hefði TF5BW gefið félaginu upplagið, sem lægi frammi í félagsheimilinu, ef menn vilja senda það með kortum sínum. Þá hefur TF3KB komið reglum íslenska diplómsins til dreifingar í sjálfvirku samskiptaneti tölvupósthóla á pakkvaki. Ekki er alveg ljóst hverst víða netið nær, en það stækkar með hverjum degi og gætu reglurnar komist eftir þeim leiðum í öll heimshorn, þó svo að meirihluti amatöra hafi ekki ennþá tók á að nálgast þær.

- **20 manna hópur Ísjaka íslendinga** kom í heimsókn til landsins fyrir skömmu. Nyrsta eyja Japans, Hokkaido á ýmislegt sameiginlegt með Íslandi. Eitt er "fámennið", þar búa aðeins 5 milljónir, sem þykir ekki mikið í Japan þar sem íbúafjöldinn er 120 milljónir. Á Hokkaido finnst eiginlega eina óspillta náttúra Japans, og þar snjóar á veturna. Hver man ekki eftir vetrarólympíuleikumum í Sapporo. Á Hokkaido er jarðhiti, sem þó er ekki nýttur á þá vísu. sem við þekkjum, en þó má finna þar eins og hér heitar laugar frá náttúrunnar hendi sem má baða sig í. Margt er þó framandlegt okkur, og eitt er, að í heitum laugum má finna á veturna apa, sem halda þar á sér hlýju í vetrarhörkunum. Eru aparnir jafnvel hafðir ferðamönnum til sýnis.

- Á norðurströnd Hokkaido er 35000 manna bær, sem kallast þorp á japanska

vísu og heitir Mombelsu. Þaðan eru stundaðar fiskveiðar líkt og hér, en sá galli er á gjöf njarðar, að rekis leggst upp að ströndinni í tvo mánuði og lokar höfninni, svo fiskveiðar leggjast niður og íbúarnir þurfa að finna sér eitthvað annað að gera. Þeir fengu þá hugmynd fyrir allnokkrum árum, að reyna að nota ísinn til að laða að sér ferðamenn. Reyna að "breyta ímynd norðursins" og skapa kringum jákvæða stemningu kringum ísinn. Þeir stofnuðu í þeim tilgangi lýðveldi, sem þeir kölluðu Ísland (Driftice Iceland Republic), með eigið vegabréf og þessháttar. Þetta gerðu þeir óvitandi um að til var í heiminum annað land með nafninu Ísland. Þegar svo Pétur Thorsteinsson sendiherra kom í heimsókn til Hokkaido, þá uppgötva þeir þetta og fara á hans fund með afsökunarbeiðni fyrir því að hafa notað nafnið. Þetta leiddi síðan í fyllingu tímans, nú í byrjun árs 1988, að 20 manna hópur kom í heimsókn til "Alvöru Íslands".

- Forseti Ísjaka Íslands er Kotaro Fujita og svo vill til að góður vinur hans er radióamatör, JA8CFL (Tom) og formaður í radióamatörfélagi Mombetsu. Hann bað forsetann sinn endilega komast í samband við íslenska radióamatöra í Íslandsför sinni, færa þeim kveðju og óskir um að samband mætti nást í loftinu milli hinna tveggja Íslanda. Stakk hann upp á að TF stöðvar hlustuðu eftir sér kl. 1100 (GMT) á 14200 kHz. Klúbbstöð félagsins í Mombetsu er JA8ZLX. Nokkur önnur kallmerki einstaklinga í Mombetsu eru JA8IRH, JR8QYH, JE8CPU, JR8GJG og JR8OM. Er þessum tilmælum um að reyna að ná sambandi við Ísjaka Ísland hér með komið á framfæri við íslenska radióamatöra.

- TF3DX og TP3KB mættu á fund Kotaro Fujita og tóku við þessum skilaboðum, og veittu einnig viðtöku hátt í tveggja tommu þykku japönsku riti sem gjöf til íslenskra radióamatöra. Þeim var tjáð að þetta væri mánaðarrit radióamatöra þar um slóðir, dálítið þykkara en íslenski fjórblöðunginn okkar. Síðan var þeim boðið í kveðjuhóf Ísjaka íslendinganna, þar sem borið var fram allt frá

Saki í tréflátum niður í kók og Egils appelsín, allt frá japönskum harðfisk upp í japanskan smokkfisk og te að japönskum síð borið fram af Geishum. Tveir radióamatörar fyrirfundust í hópnum, þeir JR8GJG og JA8JOM. Mundaði sá fyrrnefndi video myndatökuvél lengst af og tók á band flest af því sem fram fór, en sá síðarnefndi venjulega myndavél, svo ekkert færi á milli mála.

- Bæði Íslöndin (já, nú má víst tala um Ísland í fleirtölu) reyna að laða til sín ferðamenn. Þessi viðleitni tengdi löndin saman með sérstæðum hætti fyrir nokkrum árum í sundlaugunum í Laugardal. Eins og allir vita, sem þær stunda eru sundlaugargestir óumbeðnir hafðir að sýningargripum fyrir erlenda ferðamenn á útsýnisferð um Reykjavík. Rosknar amerískar "túrista"-konur hafa sitt sérstaka og heimspekta lag á að vekja eftirtekt. Eitt sinn er hópur var að skoða sýningargripina í heitu pottunum, þá skrákir ein amerísk af rosken gerðinni: "OH - HOW NICE - I'VE SEEN IT BEFORE - IT WAS IN NORTHERN JAPAN - ONLY THEY HAD A SIGN: DON'T FEED THE MONKEYS."

Námsskjal til nýltögrófa
 hefst 1. febrúar. 20 kennslustundir alls, tvær kennslustundir í senn þrisvar í viku. Hjóðblá ísafirðin í Morse kennslunni.

Námsskjal í pökkvaki (pocket radio)
 Kynningarnámsskjal sem stendur 3 síðdegi. Hefst 30. Jan. n.k. Tveir verklegir tímar við tölvur og Kantronics KAM og PAC-COM TNC-200.

Námsskjal til A- prófa
 er í athugun, ef næg þátttaka fæst. Áhugi á C? Hafid samband.

Innaritun og upplýsingar í síma 3 16 50

YS-500 YS-60

IN-LINE
SWR / POWER
METERS

HLJÓÐTÆKNI, TF3JB
sími 29999

